

EFNI: Rannsóknir sem þarf að framkvæma áður en hægt er að halda lengra með áætlanir um virkjanir í Neðri-Þjórsá.

Fjöldi sérfræðinga, bæði innlendra og erlendra, hefur bent á þær rannsóknir sem þarf að ráðast í svo mögulegt verði að meta hugsanleg áhrif virkjana í Neðri-Þjórsá, sem og árangur af mótvægisáðgerðum.

Þekkingu á fiskistofnum í Þjórsá er mjög ábótavant og ætti það að vera algjört forgangsatriði að gera ítarlega úttekt á fiskum í ánni. Helstu rannsóknir sem þarf að framkvæma eru eftirfarandi:

- Athugun á tegundasamsetningu
- Stofnstærðarmælingar
- Mat á þéttleika seiða
- Mat á lífvænleika fiskistofna í ánni (population viability analysis)
- Mat á hlutfalli seiða sem lifir fram á fullorðinsstig (smolt-to-adult survival)
- Athugun á hlutfalli fullorðinna fiska sem snúa aftur til árinna (smolt-to-adult return rates)

Meta þarf smádýralíf og vatnagróður á ólíkum sýnatökustöðvum á vatnasvæði Þjórsár, bæði í Þjórsá sjálfri og þverám hennar. Eftirfarandi rannsóknir þarf að framkvæma:

- Taka sýni af hryggleysingjum
 - Áfána, ífána og rekfána
- Tegundagreina hryggleysingja
- Meta þéttleika ólíkra tegunda af hryggleysingjum
- Meta þekju þörungna og mosa
- Taka gróðursýni og greina

Mikilvægt er að þekkja betur efna- og eðlisþætti Þjórsár. Það þarf að gera með því að taka vatnssýni á ólíkum sýnatökustöðvum í Þjórsá og þverám hennar og efnagreina þau, auk þess að mæla ýmsa eðlisþætti vatnsins. Veðurstofa Íslands sinnir að einhverju leyti rannsóknum á vatnafari, en þörf er á ítarlegri upplýsingum til að þekkja betur eiginleika árinna. Þeir þættir sem þarf að greina í Þjórsá og þverám hennar eru:

- Helstu næringar- og steinefni
- Rafleiðni
- Basavirkni
- Sýrustig
- Vatnshiti

Einnig er mikilvægt að kortleggja ána og helstu þverár með því að kanna eftirfarandi þætti:

- Breidd farvegs
- Dýpi
- Kornastærð undirlags

Veiðimálastofnun gerði rannsókn á lífríki Þjórsár og þveráa hennar árið 2002 (VMST-S/02001). Sú úttekt er um margt ágæt, en hefði þurft að vera mun ítarlegri og er auk þess orðin of gömul til að hægt sé að byggja á henni í dag.

Í jökulám á borð við Þjórsá geta orðið miklar breytingar á lífríki á rúmum áratug, bæði af náttúrulegum völdum sem og vegna virkjana sem þegar eru til staðar í Efri-Þjórsá. Þar fyrir utan hafa landeigendur og veiðiréttarhafar unnið árum saman að því að bæta fiskgengd í ánni, en sú vinna hefur borið frábæran árangur. Því til stuðnings má benda á veiðitölur á vatnasvæði Þjórsár (sjá graf

hér að neðan frá Veiðimálastofnun) en laxveiði í ánni hefur aukist mjög hratt frá síðustu aldamótum. Engin ástæða er til að ætla að þessi aukning haldi ekki áfram og því gæti verið um að ræða gríðarlega verðmætaukningu á næstu árum, verði lífríkið ekki eyðilagt með illa ígrunduðum framkvæmdum. Stækkun laxfiskastofna í Þjórsá undanfarin ár gæti m.a. bent til þess að lífskilyrði hafi breyst á vatnasviðinu og því er nauðsynlegt að gera ítarlega úttekt á lífríki árinna sem fyrst.

